

Banaslys í umferð vegna syfju:

68% af banaslysum í umferðinni 1998-2006 má rekja til 10 þátta.		
	Fjöldi	%
1 Hraðakstur	36	19%
2 Ölvunarakstur	31	16%
3 Bílbelti ekki notað	25	13%
4 Sofnar undir stýri	10	5%
5 Biðskylda ekki virt	10	5%
6 Lyfjanotkun	4	2%
7 Ökutæki rennur til/lausamöl	4	2%
8 Veikindi	4	2%
9 Ölvaður gangandi	4	2%
10 Grunur um sjálfsvíg	4	2%
Alls	132	68%

Okkur vitanlega hefur engin sofnað á þessu ári. En þetta eru aðalorsök banaslysa frá árinu 1998. Þetta eru 10 slys sem rekja má til svefns og þreytu. Það eru fleiri sem hafa dáið. T.a.m. dóu þrír í slysi á Vesturlandsvegi árið 2000 þegar ökumaður sofnaði og 2 í slysi árið 2005. Það er ekki óvarlegt að ætla að 15 manns hafi dáið í slysum vegna svefns og þreytu "undanfarin ár"

Ábending í skýrslu Rannsóknarnefndar umferðarslysa árið 2005

Vegagerðin leggur til við Vegagerðina að skoða þann möguleika að koma fyrir upphleyptum rákum við vegöxl á umferðarmiklum vegum, en rákir af þessu tagi er að finna t.d. á vegum í Bretlandi. Rákirnar valda hristingi ef ökutæki fara yfir þær og vara ökumenn við ef þeir eru komnir útaf akrein. Rannsóknir nefndarinnar á banaslysum í umferðinni og útafakstri undanfarin ár benda til þess að svefnhöfgi og þreyta sé töluvert vandamál í umferðinni og upphleyptar rákir séu ein leið til að sporna við slysum af þeim völdum.

Önnur slys en banaslys

Mörg umferðarslys má rekja til syfju ökumanna. Sé sex ára tímabil skoðað kemur í ljós að þessi tilvik eru allmörg, þar á meðal banaslys. Óhætt er að fullyrða, að talsvert vantar á að nægar upplýsingar séu tiltækar um slys vegna syfju, þar sem stundum er fólk ekki til frásagnar og margir vilja ekki greina frá því að þeir hafi lent í slíkum kringumstæðum. Á því tímabili sem greint er hér að neðan kemur í ljós, að 6 hafa látist í slysum þar sem sannað er að ökumaður hafi sofnað undir stýri, 30 manns slasast alvarlega og 104 orðið fyrir litlum meiðslum sökum syfju. Í 248 tilfellum hafa orðið óhöpp vegna syfju þar sem engin meiðsli hafa orðið á fólki.

	Banaslys	Alvarleg slys	Slys með litlum meiðslum	Óhapp án meiðsla
2002	3	4	19	24
2003	1	9	14	36
2004	1	2	24	40
2005	1	1	5	45
2006		4	21	62
2007		10	21	41